

Skýrsla æskulýðsnefndar Brimfaxes 2019



Árið hefur verið viðburðarríkt hjá okkur. Eins og áður þá reyndum við að hafa viðburðina fjölbreytta og ekki alltaf hestatengda til þess að þeir krakkar sem að eru í félaginu en hafa ekki hest til afnota nema hluta úr árinu geti einnig tekið þátt og hitt okkur. Hér að neðan verður farið yfir árið í máli og myndum.


Kynningarfundur

Við byrjuðum snemma þetta árið eða í nóvember, þá hittumst við í reiðhöllinni og spjölluðum saman um hvað við gætum gert skemmtilegt þennann veturinn. Hugmyndirnar voru svo margar að þær nýttast okkur næstu 3 árin! Við buðum uppá ávexti og djús og eftir gott spjall þá skelltum við okkkur í nokkra leiki saman. Alltaf jafn gaman þegar margir mæta og hafa gaman saman.

Jólaball

Í desember vorum við með jólaball þar sem allir komu saman, ömmur, afar, mömmur og pabbar og meira að segja jólasveininn. Þetta var mjög skemmtileg og notaleg jólastund en við vorum búin að jólaskreyta félagsaðstöðuna hátt og lágt, setja dúka á borð og

kertaljós. Hver fjölskyda kom með eitthvað gúmmelaði á hlaðborð og við buðum uppá heitt súkkulaði og kaffi með. Auðvitað var dansað í kringum jólatréð en var það gert þetta árið við undirleik á gítars og harmoniku.



Bíókvöld

Í febrúar vorum við með bíókvöld. Þar var búið til alvöru bíó, komið fyrir heimabíói og skjávarpa og myndin Spirit sýnd. Æskulýðsfulltrúar stóðu í ströngu við að poppa og bæta á saltstangir en krakkarnir komu sjálfir með drykk.

Skýrsla æskulýðsnefndar Brimfaxa 2019

Einnig vorum við með leikja og spilakvöld.



Sirkusnámskeið

Ragnheiður Þorvaldsdóttir kom til okkar í apríl og var með sirkus helgarnámskeið þar sem var meðal annars kennd smellupjálfun og að vera leiðtogi hestsins. Það fannst krökkunum svakalega skemmtilegt og eftir helgina var brjálað að gera í reiðhöllinni hjá krökkunum að halda áfram með það sem Ragnheiður hafði kennt, já og miðla til þeirra sem komust því miður ekki.




„Komdu til mín“



„Stopp.“



Hesturinn bíður þolinmóður



Smellupjálfun



Páskaratleikur

Við ákváðum að breyta út af vananum og hafa ekki páskabíngó þetta árið heldur notuðum egginn sem að við fengum í styrk og gerðum páskaeggja ratleik. Krökkunum var skipt í tvö lið, annað liðið var ríðandi og hitt gangandi og fóru þau um allt í leit að vísbendingum og leystu þrautir sem leiddi þau öll í átt að fjársjóðnumkassa fullum af páskaeggjum !



Grímutölt

Grímutölt var líka í apríl en við í æskulýðsnefndinni skipulögðum það ásamt mótanefnd. Sótafélögum af Álftanesinu var boðið til okkar og mátti sjá margar skemmtilegar og skrítnar verur á hestbaki. Þátttakan var mjög góð og eftir mótið gátu allir keypt sér hamborgara og pylsur á gjafaverði sem að fulltrúar æskulýðsnefndar stóðu sveittir við að grilla.



Félagsjakkar

Í vetur bauðst krökkunum að kaupa merktu jakka frá equsana sem að félagið geiddi niður að stórum hluta. Fullorðna fólkið varð alveg vitlaust í jakkana líka þannig að við tókum bara niður pantanir fyrir þau líka svo að allir gætu nú verið eins.

Krakkafjör



Frá mars og fram í júní vorum við með krakkafjör alla þriðjudaga þar sem að þau gátu komið öll saman og leikið smá með hestunum í reiðhöllinni. Misjafnt var hvað var gert en það var allt frá leikjum á hestum uppí að setja upp þrautabrautir og hindrandir en eitt var alltaf á dagskrá!....TÓNLIST

Reiðkennsla

Anna Björk Ólafsdóttir sá um reiðkennslu hjá okkur í vetur og var hún með einstaklingsmiðaða tíma allt frá byrjendum upp í keppnisþjálfun.

Sumarnámskeiðin voru á sínum stað í samstarfi við Arctic Horses og að venju komust færri að en vildu.

Brimfaxi niðurgreiddi að stórum hluta öll námskeið sem krakkarnir sóttu sumar jafnt sem vetur.

Keppni



Á keppnisvellinum stóðu krakkarnir sig með þrði og voru féluginu til sóma. Og í flestum tilfellum í verðlaunasætum.

En uppúr stóð að við eigum nú íslandsmeistara í tölti t1 ungmenna og suðurlandsmeistara í tölti t7 barna en það eru systkinin Sýlvía Sól og Magnús Máni Magnúsarbörn sem hlutu þá titla.

Sýlvía Sól var einnig valin til kjörs á íþróttakonunni Grindavíkur fyrir árið 2018 og hafnaði í 3 sæti.



Hvatningaverðlaun ungmennafélags Grindavíkur hlaut Aníta Ólög Þorlákssdóttir en hún er jákvæð og skemmtileg stelpa. Hún er virk í æskulýðsstarfi Brimfaxes og hefur aðstoðað við sumarreiðnámskeið síðustu 2 sumur. Aníta hefur valið sér hestamennsku sem valfag í grunnskóla Grindavíkur eins oft og kostur er og hún er duglegur knapi sem hefur tekið miklum framförum í hestaíþróttinni.

Eins og fram hefur komið er margt í boði fyrir krakkana í Brimfaxes. Við munum halda áfram að gera okkar besta til að halda dagskránni eins fjölbreyttri og hún var í vetur, en með þessari fjölbreytni erum við farin að sjá nýliðun sem okkur finnst frábært. Þetta hefði ekki verið hægt ef ekki væri fyrir frábæra aðstoð úr öllum áttum hvort það var við að laga kaffi, steikja vöflur eða styrkja okkur við stærri viðburði. Þegar þessi lokaorð eru skrifuð erum við nú þegar farnar að skipuleggja fyrsta viðburð næsta tímabils.

Með kærri kveðju úr Grindavík

Æskulýðsnefnd Brimfaxes

Jóhanna Harðardóttir

Sylvía Sól Magnúsdóttir

Guðmunda Þorsteinsdóttir

